

Hverfisráð Hríseyjar

151. fundur

Þriðjudaginn 8. mars 2022 kl. 20:30 var haldinn 151. fundur hverfisráðs í Hlein.
Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Ásrún Ýr Gestsdóttir varamaður og Kristinn Frímanna Árnason varamaður í forföllum Júlíu Mistar Almarsdóttur og Ólafs Búa Ólafssonar.

Dagskrá:

1. Ljósleiðari - kynningarbréf

Tengir hf. skoðar nú möguleika á áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðara í eyjunni á komandi sumri og hefur auglýst eftir áhuga frá íbúum til að tengjast ljósleiðaranetinu. Ákveðið að hverfisráð sendi út kynningarbréf í öll hús í Hrísey og deili á hrisey.is ásamt samfélagsmiðlum til að tryggja að allir séu meðvitaðir um verkefnið. Hverfisráð hvetur íbúa og húseigendur til að hafa samband við Tengir hf. og með samstöðu tryggja að áframhaldandi uppbygging ljósleiðaratengingar í Hrísey fari fram næsta sumar.

2. Cittaslow og markaðssetning á búsetu í Hrísey

Umræður um verkefnið og hvernig megi koma þeim í betri farveg. Ákveðið að skrifa bréf til bæjarráðs varðandi frekara samstarf hverfisráðs við þjónustufulltrúa Akureyrarbæjar í Hrísey við vinnslu og eftirfylgni á þessum verkefnum.

3. Aðalfundur og íbúafundur

Rætt um mögulega dagsetningu fyrir aðalfund í maí. Formanni falið að kanna hentugar dagsetningar í samráði við bæjarstjóra og bæjarfulltrúa sem við bjóðum velkomna á fundinn líkt og áður. Endanleg dagsetning ákveðin á næsta fundi en áætlaður fundartími er virkur dagur kl. 16.

4. Beiðni frá Hafnasamlaginu varðandi vinnustofu

Óskað er eftir fulltrúum hverfisráðs á vinnustofu á vegum Hafnasamlags Norðurlands varðandi vinnu vegna móttöku ferðamanna af skemmtiferðaskipum í Hrísey. Hverfisráð fagnar framtakinu.

5. Önnur mál

- Umræður um snjómokstur. Rætt um mikilvægi þess að verkferlar séu til staðar svo ávallt megi tryggja öryggi íbúa ef útköll vegna neyðarþjónustu verða yfir vetrartímann þegar snjóþyngsli eru. Hverfisráð telur mikilvægt að starf við áhaldahús í Hrísey verði í framtíðinni unnið frá Hrísey.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:10

Ásrún Ýr Gestsdóttir
Ingólfur Sigfússon
Kristinn Frímanna Árnason

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon